

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag í landi Hrúts 2, Hrútshagi, lnr. 172701.

Svæðið sem skipulagið nær til er 22,7 ha spilda, nefnd Hrútur 2, úr landi jarðarinnar Hrútshaga og liggur upp að Bugavegi. Á spildunni er heimilað að reisa íbúðarhús og bílgeymslu allt að 250 m², gestahús allt að 70 m², hesthús/skemmu allt að 400 m² og gróðurhús/gestahús allt að 150 m² á tveimur byggingarreitum. Hámarksbyggingarmagn er 1.000 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 27. júlí 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. september 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2016